

Ár 2011, fimmtudaginn 15. september kl. 7:45 kom bæjarráð saman til fundar á skrifstofu bæjarins. Mættir voru: Unnur Þormóðsdóttir, Ninna Sif Svavarsdóttir og Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir í forföllum Róberts Hlöðverssonar.

Ennfremur sat fundinn Helga Kristjánsdóttir, skrifstofustjóri, sem ritaði fundargerð í tölvu.

Unnur Þormóðsdóttir formaður, setti fund og stjórnáði.

Leitaði hún eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Eftirfarandi fært til bókar:

1. Bréf sem borist hafa frá:

1.1. Iðnaðarráðuneytinu frá 1. september 2011.

Í bréfinu eru upplýsingar um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna lækkaðra fasteignaskattstekna. Hveragerðisbær fær kr. 27.083.- þús kr. á árinu.

Lagt fram til kynningar.

1.2. Sambandi íslenskra sveitarfélaga frá 5. september 2011.

Í bréfinu er rætt um stofnun og störf ungmennaráða sveitarfélaga.

Lagt fram til kynningar en ungmennaráð hefur nú þegar verið stofnað í Hveragerði.

1.3. Ungmennafélagi Íslands frá 30. ágúst 2011.

Í bréfinu er kynnt ráðstefna fyrir ungt fólk „Ungt fólk og lýðræði“ sem haldin verður á Hótel Örk 22. til 24. september.

Menningar- og frístundarfulltrúa falið að kanna þátttöku fulltrúa í ungmennaráði á ráðstefnunni og hvetja aðra til þátttöku.

2. Tæknileg málefni:

2.1. Umsögn um leyfi til reksturs veitingarstaðar í flokki III.

Sýslumaður óskar eftir umsögn Hveragerðisbæjar vegna umsóknar Guðrúnar A Friðþjófsdóttur f.h. Werners ehf., kt. 560811-0211 um leyfi til reksturs veitingarstaðar í flokki III í Café Rose, Austurmörk 2.

Bæjarráð gerir ekki athugasemd við fyrirhugaðan afgreiðslutíma og staðsetningin er innan marka, reglna og skipulags sveitarfélagsins.

3. Verkfundargerðir:

3.1. Heiðmörk – Gatnagerð frá 1. september 2011.

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

4. Fundargerðir til kynningar:

- 4.1. **Stjórnar Atvinnuþróunarfélags Suðurlands frá 7. september 2011.**
- 4.2. **Stjórnar Skólaskrifstofu Suðurlands frá 1. september 2011.**
- 4.3. **Stjórnar SASS frá 9. september 2011.**
- 4.4. **Heilbrigðisnefndar Suðurlands frá 9. september 2011.**

Fundargerð upp lesin og samþykkt.
Fleira ekki gert og fundi slitið kl 8:04

Unnur Þormóðsdóttir, (sign)

Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, (sign.)

Ninna Sif Svavarsdóttir, (sign)

Helga Kristjánsdóttir, (sign)